

89. fundur

Fundur er haldinn í skipulags- og byggingarnefnd stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 16. janúar 2007 kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Berglind Þorbergsdóttir, Þorbergur Bæringsson, Eydís B. Eyþórsdóttir og Bjarnfíður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Deiliskipulagstillaga við Borg í Stykkishólmsbæ. Tillaga var í auglýsingu til og með 8. janúar s.l. Athugasemdir bárust frá Gretari D. Pálssyni dags. 7.11.2006, Hinriki Axelssyni og Hönnu Maríu Björgvinsdóttur dags. 4.12.2006. athugasemdir lagðar fram ásamt umsögn dags. 15. 01.07.
Deiliskipulagstillögu frestað.
2. Deiliskipulagstillaga af Víkurhverfi í Stykkishólmsbæ. Tillagan var í auglýsingu til og með 11. janúar s.l. Athugasemdir dags. 7.01.07 bárust frá Benedikt E. Guðbjartssyni og Eddu Hermannsdóttur Bogahlíð 6, Reykjavík (Borgarbraut 28, Stykkishólmi). Athugasemdarbréf dags.7.01.07 frá Stefáni B. Heiðarssyni Borgarbraut 26, Þórhildi Halldórsdóttur Borgarbraut 24, Vigni Sveinssyni Borgarbraut 30, Ásgeiri Guðmundssyni Borgarbraut 20. Athugasemdir lagðar fram ásamt umsög dags 15.01.07.
Lagt er til að deiliskipulagstillaga verði samþykkt ásamt umsögn dags. 15.01.07.
3. Oliufélagið fh / Guðlaugur Pálsson sækir um að færa olú- og dísel tanka á hafnarbyggju við Stykkið í Stykkishólmi samkvæmt bréfi og teikningum dags 19.12.2006
Erindi vísað til umsagnar hafnarnefndar.
4. Bæring B. Jónsson f.h. Friðriks Jónssonar sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Víkurgötu nr. 1 samkvæmt teikningum dags.14.01.2007. Samtals 50 m²,.....m³.
Nefndin samþykkir að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn fyrir íbúum við Víkurgötu nr. 2 og 4, og Aðalgötu nr.7 og 7a.
5. Fyrirspurn frá Sævari Harðarssyni f.h. Skipavík um eftirfarandi breytingartillögur á deiliskipulagi af frístundabyggð við Arnarborg. A) Að minnka lóðir og fjölga þeim í öðrum áfanga í deiliskipulagi. B) Að byggja megi allt að 150 m² frístundahús að grunnfleti á hverri lóð í stað 100m².
Erindi frestað.
6. Tillaga lögð fram að merkingu leikskólahússins
Nefndin tekur jákvætt í tillögu.

7. Fyrirspurn frá Heimi Jóhanssyni um afnot af vinnusvæði fyrir byggingu sumarhúsa og þess háttar.
Óskað er eftir nánari upplýsingum um stærð svæðis , aðgengi, leigutíma o.s.frv.

8. Önnur mál.
8.a. Rætt var um hraðatakmarkanir á Stykkishólmsvegi.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:00